

lært mál; annað málið fullnægir þörfum vorum innbyrðis sem íslenzks fólks og í íslenzku félagslífi, hitt fullnægir þörfum vorum, eða á að fullnægja þeim, út á við í umgengni vorri við þá sem ekki skilja vort mál. Vér erum að þessu leyti eins settir og allir aðrir útlendir þjóðflokkar í landinu, sem ekki mæla á enska tungu; og að líkindum eru þeir ekkert betur settir en vér.

Margir hafa hent gaman að því hvernig vér Vestur-Íslendingar blöndum saman íslenzkunni og enskunni. Allir kannast við ýms málskrípi, sem eru mjög algeng í daglegu máli, svo sem "að lifa í næstu dýrum, gjöra gott business" o.s.frv. Það úir og grúir af málskrípum, óíslenzkulegum orðatiltækjum, þótt orðin sjálf séu íslenzk og enskum orðum með íslenzkum endingum í málinu, sem vér tölum daglega. Margir halda að þetta stafi af því, að fólki þyki fegurra og tilkomumeira að blanda enskum orðum inn í íslenzkuna, eða að það sé gjört til að sýna ensku-kunnáttu; en það er ekki rétt. Ef til vill var fyrst þegar Íslendingar voru nýkomnir hingað og allir voru að reyna að læra enskt mál eitthvað til af þesskonar andhælishætti. Og ekki stafar það heldur af kunnáttuleysi í íslenzku því margir, sem hafa numið íslenzkuna á Íslandi og numið hana vel, tala svona. Af hverju stafar það þá? Af því að það er hægst að tala svona. Það er aðalorsökin. Ensk orðatiltæki, sem menn venjast við og nota næstum dags daglega, verða svo tóm og svo víðfeldin, að þegar á að segja það sama á íslenzku, verður langhægast að halda orðaskipuninni, en aðeins að láta íslenzk orð koma í staðin fyrir ensk. Ensk orð með íslenzkum endingum festast í daglegu máli á sama hátt. Þau eru nærri eingöngu nafnorð, og þá nöfn á hlutum, sem annaðhvort hafa engin nöfn á íslenzku, eða þá stirð og óþjál nöfn. T.d. er orðið **team**. Allir Vestur-Íslendingar segja **team** en ekki akneyti eða hestapar, þótt það síðara heyrir einstöku sinnum; og vitaskuld er enska orðið notað því nær undantekningarlaust vegna þess að þegar menn fóru að nota áhöld og flutningstæki sem uxum og hestum er beitt fyrir, var ekkert algengt og þægilegt íslenzkt orð til, sem þýddi sama og orðið **team**. Svo er með fjölda mörg önnur orð, er tilheyra störfum, sem hér eru algeng en ekki á Íslandi. Þótt samsvarandi íslenzk orð séu til, sem oft er ekki, þá eru þau óalgeng, tilheyra ekki daglega málinu og þessvegna er enska orðið, sem er algengt og tilheyrir daglegu máli, notað og beygt eins og íslenzkt orð—settur á það íslenzkur hali, eins og stundum er að orði komist.